


Kæru Sprettarar.

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til formanns hestamannafélagsins Spretts.

Ég heiti Lilja Sigurðardóttir, ég og fjölskylda mín höfum verið í Spretti frá stofnun félagsins áður vorum við í Gusti. Ég er fædd og uppalin í sveit og hef alla mína tíð tengst hestum. Við fjölskyldan höfum stundað og tekið þátt í starfi félagsins með ýmsum hætti, keppt, nýtt okkur námskeið, tekið þátt í sýningum og auðvitað mætt á skemmtanir félagsins.

Ég hef í mörg ár lagt mitt af mörkum í sjálfböðastörfum til félagsins, ég var í æskulýðsnefnd fyrst í Gusti en síðar í Spretti fór svo yfir í fræðslunefnd Spretts. Ég var í nokkur ár í stjórn Æskan og hesturinn. Ég er í dag í reiðveganefnd og sjálfbærninefnd Spretts. Í gegnum þetta sjálfböðaliðastarf hef ég kynnst fullt af fólki sem brennur fyrir hestamenskuna af ýmsum toga.



Í Íþróttafélagi eins og Spretti þá skipta sjálfböðaliðar miklu máli, til þess að hægt sé að framkvæma og halda viðburði, hvort sem það eru félagsreiðtúrar, þrautdagur fyrir yngri kynnslóðina, árshátíð eða mót af ýmsum toga. Við verðum að hlúa vel að sjálfböðaliðunum okkar og reyna að fá sem flesta til þess að leggja hönd á plóg, áhugasvið okkar eru misjöfn en öll getum við stutt hvort annað og látið drauma okkar rætast.

Ég starfaði sem framkvæmdastjóri félagsins í rúmlega 4 ár og í því starfi kynntist ég vel í hversu mörg horn þarf að líta alla daga.

Nýliðun af öllu tagi er dýrmæt fyrir okkur, hvort sem við fáum ný börn og eða unglunga inn í félagið okkar eða fullorðið fólk sem lætur kannski langþráðan draum rætast og ákveður að byrja í hestunum, við verðum að taka vel á móti þessu fólki og hlúa vel að því.

Mér er mjög annt um félagið okkar, það er að mörgu að hyggja því öll stundum við mismunandi hestamenskunni, við erum á ýmsum aldri og getustigum og því er mikilvægt að allir finni aðstæður og afdrep í félaginu fyrir sig, hvort sem það er inni í reiðhöllum, á reiðleiðum eða í þjálfunargerðum, öll góð aðstaða skiptir máli.

Bygging á félagshesthúsi og kennsluhöll sem hægt væri að nota sem upphitunarhöll á öðrum viðburðum, td keppnum er verkefni sem ég hef mikinn áhuga að halda áfram með. Uppbygging á bættri aðstöðu fyrir okkur öll er stórt, spennandi og skemmtilegt verkefni sem skiptir okkur öll máli.

Sprettarar á öllum aldri hafa verið duglegir að keppa, við "eigum" marga Íslandsmeistara, Landsmótssigurvegara og meira að segja Heimsmeistara, þessi árangur er ekki týndur uppúr götunni en að baki einni ferð á keppnisvöllinni liggja margar klukkustundir í þjálfun. Með áður nefndri kennsluhöll mundi þjálfunaraðstaðan batna enn frekar sem er mikilvægt fyrir allt keppnisfólkið okkar.

Ég vonast til að sjá sem flesta Sprettara á aðalfundinum til þess að nýta atkvæðisréttinn, við skiptum öll máli, sama hvernig hestamenskunni við stundum. Ég vil leggja mig alla fram fyrir félag okkar allra.

Kær kveðja

Lilja Sigurðardóttir.